

Fimmtudaginn 10. desember 1998.

Nr. 142/1998.

Jakob A. Traustason

(sjálfur)

gegn

Hauki Jens Birgissyni

Daníel Rafni Hartmannssyni

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.) og

Árna Kópssyni

Skaðabætur. Brigðaréttur. Frávísun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 30. mars 1998. Hann krefst þess, að stefndu Haukur Jens Birgisson og Daníel Rafn Hartmannsson verði dæmdir til að greiða sér óskipt 457.755 krónur eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. október 1992 til 20. febrúar 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá 20. mars 1996 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndi Árni Kópsson verði dæmdur til að afhenda sér vörukassa þann, sem um ræðir í málinu, en til þrautavara, að stefndi Árni verði dæmdur til að afhenda vörukassann „gegn greiðslu frá áfrýjanda, sem nemur þeim kostnaði, sem Árni hefur lagt í breytingar á kassanum“. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi allra stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu Haukur og Daníel krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefndi Árni hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi 12. október 1992 keypt vörukassann, sem um ræðir í málinu, af félaginu Dreifingu og þjónustu, sem hafi haft starfsstöð í húsnaði við Kleppsmýrarveg í Reykjavík. Kassinn hafi hins vegar horfið, þaðan sem hann stóð á lóð seljanda á tímabilinu frá 12. til 22. október 1992. Fyrirsvarsmað-

ur seljanda, Kristinn Arason, kom fyrir dóm og staðfesti þessa frásögn áfrýjanda í aðalatriðum. Fyrir Hæstarétt hefur jafnframt verið lögð yfirlýsing Jóns Hjartarsonar 24. apríl 1998, þáverandi meðeiganda Kristins að nefndu félagi, sem er efnislega samhljóða framburði Kristins. Ekki er vefengt í málinu, að vörukassinn, sem áfrýjandi keypti 12. október 1992, sé hinn sami og sá, sem stefndi Árni fékk síðar umráð yfir með samningi við stefnda Hauk.

Við skýrslutöku fyrir dómi kvaðst stefndi Haukur hafa keypt vörukassann af manni, sem hafði aðstöðu við Kleppsmýrarveg til að rífa bifreiðar í sundur og selja bifreiðahluti. Minnti stefnda, að sá maður hafi heitið Finnbogi, en ekki mundi hann, hvenær þetta gerðist. Hafi stefndi eftir það flutt kassann frá Kleppsmýrarvegi. Áður hafði þessi stefndi skýrt svo frá við skýrslutöku hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann hefði keypt kassann af Bílapartasölunni Bílgróf, Súðarvogi 6 í Reykjavík, en hún hafi brunnið árið 1995. Taldi hann, að meðstefndi Daníel hefði þekkt til eins manns, sem þar starfaði, og gæti vafalaust sagt til hans. Stefndi Daníel bar fyrir lögreglu, að hann þekkti ekki þá, sem ráku bílapartasöluna, er hafi brunnið nokkru síðar. Bar stefndu ekki saman um hjá lögreglu, hvaða ár þeir hefðu keypt kassann.

Báðir stefndu, sem að framan eru nefndir, viðurkenndu að hafa tekið umræddan vörukassa, þar sem hann stóð við Kleppsmýrarveg. Engin sönnunargögn hafa verið færð fram um eignarrétt þeirra að kassanum, og auk þess er leitt í ljós í málinu, að Bílapartasalan Bílgróf tók ekki til starfa í Súðarvogi fyrr en í fyrsta lagi um áramót 1992 og 1993. Eftirgrennslan lögreglu hjá þeim, sem ráku starfsemi að Súðarvogi 6 og lýst er í héraðsdómi, styður ekki frásögn stefndu, sem er ótrúverðug. Verður fallist á, að áfrýjandi hafi fært fram fullnægjandi sönnur á, að hann hafi eignast vörukassann með samningi við eiganda hans 12. október 1992. Þykir með vísan til þessa mega telja nægilega sannað, að stefndu Haukur og Daníel hafi tekið kassann á Kleppsmýrarvegi í heimildarleysi. Verður ekki fallist á staðhæfingar þeirra um, að áfrýjandi hafi ekki orðið fyrir tjóni. Ber þeim að bæta honum tjón, sem af háttsemi þeirra leiddi.

II.

Fjárhæð kröfu áfrýjanda er studd við upplýsingar í bréfi frá félaginu Vögnum og Þjónustu ehf. 26. ágúst 1997 um verð á nýjum vörukassa, sem þar er lýst og áfrýjandi telur sambærilegan þeim, sem hann keypti 1992. Verð á slíkum „ásettum“ kassa hefur hann síðan fært til verðlags ársins 1992 í samræmi við breytingar, sem orðið hafa á lánskjaravísitölu á tímabilinu. Að auki dregur hann frá afföll fyrir tímabilið 1989 til 1992, sem hann telur hæfileg 10% á ári. Kom fram sú skýring við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti, að vörukassi áfrýjanda hefði áður verið á bifreið, sem var af árgerð 1988.

Ekki liggur fyrir, hvert var kaupverð vörukassans í samningi áfrýjanda og seljandans, og ekki er heldur fram komið, hvert var verð nýs, sambærilegs vörukassa á kaupsamningsdegi. Gegn mótmælum stefndu verður ekki fallist á, að áfrýjandi hafi gert grein fyrir tjóni sínu með viðhlítandi hætti. Eru kröfur áfrýjanda á hendur stefndu Hauki og Daníel tölulega vanreifaðar, og verður ekki komist hjá að vísa þeim frá héraðsdómi.

III.

Við munnlegan flutning málsins fyrir héraðsdómi bókaði dómarninn ummæli áfrýjanda um verðmæti vörukassans, sem getið er í héraðsdómi. Hermir þar, að stefndi Árni hafi lagt vinnu og fé í að breyta kassanum, þannig, að tjón hans yrði meira en næmi verðmæti kassans sjálfs, yrði kassanum brigðað frá honum. Taldi áfrýjandi við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti, að þarna hefði ekki verið rétt eftir sér haft. Ekki hefur þó frekar verið upplýst um verðmætisauka, sem kann að hafa orðið á margnefndum vörukassa fyrir tilstuðlan stefnda Árna.

Áfrýjandi beinir kröfum sínum gegn stefnda Árna til vara, fari svo, að kröfum gegn stefndu Hauki og Daníel verði hafnað. Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu, að áfrýjandi ætti kröfu á hendur hinum síðastnefndu, sem þó hefur ekki verið lögð fyrir með þeim hætti, að efnisdómur verði á hana lagður. Leiðir af því, að varakröfunni á hendur stefnda Árna verður einnig vísað frá héraðsdómi.

Samkvæmt öllu framanröktu verður málinu vísað frá héraðsdómi.

Með vísan til c-liðar 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verða stefndu Haukur og Daníel dæmdir til að greiða áfrýjanda málskostnað, sem verður ákveðinn sameiginlega í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð :

Málinu er vísað frá héraðsdómi.

Stefndu Haukur Jens Birgisson og Daníel Rafn Hartmannsson greiði óskipt áfrýjanda, Jakobi A. Traustasyni, samtals 75.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. mars 1998.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 8. október 1997, og dómtekið 26. f. m.

Stefnandi er Jakob A. Traustason, kt. 180846-2049, Barónsstíg 3, Reykjavík.

Stefndu eru Haukur Jens Birgisson, kt. 050567-4789, með lögheimili að Heiðarbæ 14, Reykjavík, en dvalarstað að Hraunbæ 42, Reykjavík, Daníel Rafn Hartmannsson, kt. 120766-3339, Mánabraut 15, Kópavogi, og Árni Kópsson, kt. 120963-4149, Kleifarseli 16, Reykjavík, en með dvalarstað að Vesturvör 7, Kópavogi.

Á hendur stefndu Hauki Jens Birgissyni og Daníel Rafni Hartmannssyni gerir stefnandi þær dómkröfur, að þeir verði dæmdir in solidum til að greiða honum bætur, að fjárhæð 457.755 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 22. október 1992 til greiðsludags, en til vara, að þeir verði dæmdir til greiðslu bóta, að fjárhæð 457.755 kr., ásamt vöxtum samkvæmt II. kafla, 7. gr., vaxtalaga frá 22. október 1992 til 20. febrúar 1996 og síðan að viðbættum dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 20. mars 1996 til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við kröfuna á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 22. október 1993 samkvæmt framangreindri aðalkröfu, en 20. mars 1997 samkvæmt framangreindri varakröfu.

Fallist rétturinn ekki á sök og bótaskyldu stefndu Hauks Jens Birgissonar og Daníels Rafns Hartmannssonar, gerir stefnandi þá kröfu til vara, að stefnda Árna Kópssyni verði gert skylt að gera annað hvort, nr. 1 aðallega, en nr. 2 til vara:

1. að afhenda stefnanda vörukassa, sem hann fékk í viðskiptum við stefnda Hauk Jens Birgisson,

2. að greiða stefnanda dómkröfu, að fjárhæð 457.755 kr., ásamt vöxtum

samkvæmt II. kafla, 7. gr., vaxtalaga frá 22. október 1992 til uppsögu dómsins, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Stefnandi gerir jafnframt þá kröfu, að stefndu Haukur Jens og Daníel Rafn verði látnir sæta ábyrgð lögum samkvæmt og dæmdir til viðeigandi refsingar.

Í málinu hefur orðið útvist af hálfu stefnda Árna Kópssonar.

Vörnum er haldið uppi af hálfu stefndu Hauks Jens Birgissonar og Daníels Rafns Hartmannssonar og gerð sú krafa aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en til vara er krafist stórfelldrar lækkunar krafna. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti.

2. Í málinu liggur frammi yfirlýsing Kristins Arasonar, kt. 030128-4439, þess efnis, að hann hafi 12. október 1992 fyrir hönd Dreifingar og þjónustu selt stefnanda vörukassa, sem hafi staðið við braggaskemmur fyrirtækisins við Kleppsmýrarveg í Reykjavík. Vörukassinn hafi áður verið notaður á Benz-pallbifreið, og hafi stefnandi undir höndum mynd af bifreiðinni með tilgreindan vörukassa á pallinum og árituðu nafni Kristins á bakhlið. Kristinn Arason staðfesti yfirlýsingu þessa fyrir dóminum. Hann kvað kassann hafa við söluna verið bak við skúra, sem lágu með Kleppsmýrarveg. Hann kvaðst muna, að stefnandi hefði komið rétt á eftir, eftir fyrstu helgina, og sagt, að kassinn væri horfinn.

Einnig liggur frammi yfirlýsing Árna Kópssonar. Þar segir, að í júní 1995 hafi stefnandi komið í heimsókn á verkstæði hans að Vesturvör 7, Kópavogi. Er stefnandi hafi séð vörukassa, sem var þar á verkstæðinu, hafi hann sagt, að hann ætti kassann, og hefði hann horfið frá Kleppsmýrarvegi haustið 1992. Þennan kassa hefði hann (Árni) keypt af Hauki Jens Birgissyni. Stefnandi hefði sótt mynd af vörukassanum, sem hann hefði sagt seljanda kassans hafa eftirlátið sér, og hefði eftirfarandi verið handritað aftan á myndina: „Mynd af okkar kassabíl.“ Þetta hafi verið undirritað: „Kristinn Arason“. Hann (Árni) hafi borið myndina saman við kassann, sem hann hefði keypt af Hauki, og sé þess fullviss, að myndin hafi verið af þessum sama vörukassa.

2. ágúst 1995 kærði stefnandi til Rannsóknarlögreglu ríkisins og sagði „vörukassa sínum, sem sýndur er á meðfylgjandi mynd, að verðmæti um 150.000 kr., sem notaður var á Benz-pallbifreið mætta við flutninga, hafa verið stolið frá 12. 10. '92–22. 10. '92, þar sem hann var geymdur á ólokuðu svæði fyrirtækisins Dreifingar og þjónustu hf., Kleppsmýrarvegi, Rvík. Mætti

kveðst ekki hafa kært þetta þá vegna anna“. Jafnframt vísaði stefnandi til þess efnislega, sem fram kemur í tilvitnaðri yfirlýsingu Árna Kópssonar. Við yfirheyrslu kvað Árni Kópsson Hauk Jens Birgisson hafa fengið bílvél fyrir kassann, sem hefði verið á svæði fyrir neðan Nýju sendibílastöðina í Knarrarvogi. Við yfirheyrslu viðurkenndi Haukur Jens Birgisson að hafa selt Árna Kópssyni umræddan flutningskassa og fengið fyrir bílvél, sem hafi reynst vera ónýtt. Kassann hafi hann ásamt Daníel Rafni Hartmannssyni keypt snemma árs af Bílapartasölunni Bílgróf, Súðarvogi 6, Reykjavík. Þeir hafi skipt á nokkrum bílhæjum og flutningskassanum, sem hafi verið verðlagður á 100.000 krónur. Hér fyrir dómi skýrði Haukur Jens nánar svo frá, að maður, sem seldi þeim kassann, hefði verið að rífa bifreiðar í skemmu við Kleppsmýrarveg. Hann kvað þá félaga hafa flutt kassann frá Kleppsmýrarvegi um helgi. Daníel Rafn Hartmannsson var enn fremur yfirheyrður af rannsóknarlögreglu. Hann kvaðst í félagi við Hauk Jens hafa átt viðskipti við Bílapartasöluna Bílgróf í Súðarvogi, að hann minnti árið 1991. Þeir hafi látið tvö bílhæ og varahluti í staðinn fyrir vörukassa. Hann kvaðst ekki þekkja þá, sem ráku bílapartasöluna, og ekki vita annað en hún hafi brunnið nokkru síðar. Þeir Haukur hafi flutt vörukassann frá Kleppsmýrarvegi að Tangarhöfða, þar sem þeir hafi notað hann sem geymsluskúr, uns hann var seldur Árna Kópssyni.

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins var haft samband við menn, sem höfðu rekið bílapartasöluna í Súðarvogi 6, Reykjavík. Kvaðst Tryggvi Gunnarsson hafa keypt partasöluna af Ingólfi Sigurjónssyni 14. júní 1994 og rekið hana, þar til hún brann í apríl 1995. Kvaðst hann ekki kannast við að hafa selt umræddan flutningskassa. Ingólfur Sigurjónsson kvaðst hafa keypt partasöluna nærri áramótum 1992–1993 og átt hana í rúmt ár. Hann var ekki viss um, hver seljandinn var. Hann kannaðist ekki við viðskipti tengd flutningskassa af pallbifreið. Valtýr Ómar Guðjónsson kvaðst kannast við þennan flutningskassa. Er hann hafi rekið Bílapartasöluna Vör, Súðarvogi 6, Reykjavík, hafi komið til tals, að hann keypti kassann af eigandanum, sendibílstjóra á Presti, og muni þetta hafa verið árið 1992 frekar en 1991. Sendibílstjórinn hafi fengið dísilvél og fleira í staðinn. Er hann hafi ætlað að ganga að flutningskassanum, sem hafi verið bak við bragga við Kleppsmýrarveg, hafi hann verið horfinn, og hafi viðskiptin við sendibílstjóran endað þannig.

18. nóvember 1996 tilkynnti Rannsóknarlögregla ríkisins stefnanda, að rannsókn á grundvelli kæru hans vegna ætlaðs þjófnaðar á vörukassa hefði verið hætt. Stefnandi bar þessa ákvörðun undir ríkissaksóknara. Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 28. júlí 1997, var stefnanda tilkynnt, að fallist væri á

áður tilkynnta ákvörðun rannsóknarlögreglu, og með því að telja verði, að það, sem fram kom við rannsóknina, sé ekki nægilegt eða líklegt til sakfellið, verði að láta við svo búið standa.

3. Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefndu Hauki Jens Birgissyni og Daníel Rafni Hartmannssyni á því, að þeir hafi ekki sýnt fram á, að þeir hafi haft eignarheimild yfir kassanum. Þeir hafi á saknæman hátt tekið ófrjálsri hendi hlut í eigu hans.

Stefnandi vísar til meginreglna kröfuréttar og almennu skaðabótareglunnar utan samninga sem grundvöll fébótaábyrgðar ásamt því að vísa til Jónsbókar, mannhelgi, 21. kap.

Stefnandi kveður málið vera höfðað á grundvelli laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Um varnarþing er vísað til 41. gr. laga nr. 91/1991, um vara-aðild til 2. mgr. 19. gr. sömu laga og um málskostnað til 1. mgr. 130. gr. s. 1. Upphæð bótakröfu styður stefnandi við skjal frá Vögnum og þjónustu ehf., sem sýnir verð á sambærilegum vörukassa, ásamt útreikningsblaði, þar sem verðið er umreiknað til tjónsdags, 22. október 1992, samkvæmt lánskjara-vísitölu og afföllum.

Kröfu sína um dráttarvexti frá tjónsdegi, 22. október 1992, styður stefnandi þeim rökum, að ekki hafi verið grundvöllur fyrir sig að leggja fram bótakröfu á hendur stefndu, fyrr en hann komst að því, hverjum bæri að stefna vegna tjónsins. Stefnu var tilkynnt kæra stefnanda fyrir milligöngu RLR 20. febrúar 1996, eftir að stefnanda var ljóst, hverjir seldu Árna kassann. Í ljósi þessa fer stefnandi fram á, að dómurinn noti heimild síðustu málsgreinar 15. gr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og miði upphafstíma dráttarvaxta við tjónsdag. Varakröfu sína um vexti samkvæmt II. kafla, 7. gr., vaxtalaga frá 22. október 1992 til 20. febrúar 1996 og dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 20. mars 1996 til greiðsludags kröfunnar rökstyður stefnandi með eftirfarandi: 22. október 1992 er tjónsdagur, 20. febrúar 1996 var stefndu tilkynnt kæra stefnanda fyrir milligöngu RLR, 20. mars 1996 er einn mánuður frá fyrrgreindri vitneskju stefndu um kærana, sbr. 15. gr. vaxtalaga.

4. Sýknukrafa stefndu Hauks Jens Birgissonar og Daníels Rafns Hartmannssonar er reist á því, að þeir hafi ekki stolið umræddum kassa, heldur keypt hann á löglegan hátt og greitt fullt verð fyrir. Þeir mótmæla því, að þeir hafi valdið stefnanda tjóni með viðskiptum sínum og að þeir beri bótaábyrgð gagnvart honum. Lækkunarkrafa þeirra er studd því, að verði litið svo á, að þeir séu bótaskyldir, sé tjón stefnanda miklu minna en krafa hans hljóði um. Verðmæti kassans sé að áliti þeirra miklu minna en stefnandi geri ráð fyrir.

Stefndu mótmæla lagalegum rökstuðningi í stefnu. Þar sé vísað til almennra reglna skaðabótaréttar, en þær eigi ekki við. Krafa um málskostnað styðst við 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 og krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun við lög nr. 50/1988. Stefndu séu sem einstaklingar ekki virðisaukaskattsskyldir, og því sé þeim nauðsynlegt að fá dóm fyrir skattin- um úr hendi stefnanda.

5. Málið er ekki höfðað af handhafa ákærvalds á grundvelli ákæru á hendur stefndu Hauki Jens Birgissyni og Daníel Rafni Hartmannssyni, heldur er það rekið sem einkamál, eins og réttilega er tekið fram í stefnu. Samkvæmt þessu er refsikröfu vísað frá dómi.

Til skýringar á staðháttum er rétt, að fram komi, að göturnar Súðarvogur og Kleppsmýrarvegur skerast.

Það dróst úr hömlu, að krafist væri lögreglurannsóknar vegna hvarfs um-rædds vörukassa, og eru atvik að því ekki ljós. Ekki hafa verið færðar sönn- ur að því, að stefndu Haukur Jens Birgisson og Daníel Rafn Hartmannsson hafi tekið hann ófrjálsri hendi eða á neinn hátt bakað sér bótaskyldu gagn- vart stefnanda, og verða þeir sýknaðir af kröfum hans. Samkvæmt því ber að dæma stefnanda til að greiða þeim óskipt málskostnað, sem ákveðst 65.000 krónur.

Við munnlegan flutning málsins tók stefnandi fram, að stefndi Árni Kópsson hefði lagt vinnu og peninga í að breyta vörukassanum þannig, að tjón hans, yrði kassanum bríðað, yrði meira en næmi verðmæti kassans sjálfs. Stefndi lagði fram lögregluskýrslur þær, sem vitnað var til hér að framan. Samkvæmt því, sem fram kemur í skýrslu, er tekin var af Valtý Ómari Guðjónssyni, verða eignarumráð stefnanda að umræddum vöru- kassa ekki talin vafalaus. Samkvæmt framangreindu verður krafa stefnanda á hendur stefnda Árna Kópssyni um afhendingu vörukassans ekki tekin til greina. Þá hefur stefnandi ekki fært fram rök fyrir því, að stefnda Árna Kópssyni beri að greiða sér 457.755 krónur. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda Árna Kópsson af kröfum stefnanda.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Haukur Jens Birgisson, Daníel Rafn Hartmannsson og Árni Kópsson, eru sýknaðir af kröfum stefnanda, Jakobs A. Trausta- sonar.

Stefnandi greiði óskipt stefndu Hauki Jens Birgissyni og Daníel Rafni Hartmannssyni 65.000 krónur í málskostnað.